

Samskipti og sjálfsmynd í lýðræðislegu leikskólastarfi

Fríða Bjarney Jónsdóttir
leikskólakennari og deildarstýra nýsköpunarmiðju
menntamála

frida.b.jonsdottir@reykjavik.is

Blóm



Blóm vaxa í garði.
Gult og appelsínugult.
Mörg saman.
Þau dansa í rigningunni.

Þau eru plöntur
á nóttunni

og verða svo blóm
þegar kemur dagur.

Höf: Ólöf Svava Helgadóttir 2013

Úr ljóðabókinni: *Amma er alltaf með næstum því appelsínugult
hár og krumpuð í olnbogunum eftir börn í leikskólanum
Garðaborg.*

Börn eru fyrst og fremst börn

- Til þess að blómstra þurfa börn að:
 - Vera virkir þátttakendur
 - Hafa hlutverk
 - Upplifa sig tilheyra (e. belonging)
 - Eiga góð tengsl við aðra
 - Eiga í jákvæðum samskiptum
 - Líða vel
 - Upplifa traust og öryggi
 - Njóta fjölbreyttra námstækifæra



Fjölbreyttur fjölbreytileiki í leikskólum

- Fjölbreyttar fjölskyldur
 - Einstæðir foreldrar
 - Pabbi, mamma, börn og bíll
 - Vel menntaðir foreldrar
 - Ríkir /fátækir foreldrar
 - Ættleidd börn
 - Samkynhneigðir foreldrar
 - Börn sem alast upp hjá ömmu, afa eða fósturforeldrum
 - Börn og foreldrar með ólíkan þroska og færni
 - Fjölskyldur með annað móðurmál en íslensku
 - heyrnarlaus börn hluti af þessum hópi líka



Lýðræði og þátttaka – að eignast rödd

- Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund (Aðalnámskrá leikskóla bls. 35)
- Lýðræðisleg gildi í námskránni beinast annars vegar að einstaklingunum og hins vegar að barnahópnum.
 - Lýðræði sem snýr að barnahópnum og samfélagi leikskólans vísar til fjölbreytileika og virðingar fyrir öðru fólki og leikskólastarfs sem einkennist af samvinnu og jafnrétti milli einstaklinga ([Jóhanna Einarsdóttir, 2017](#)).

Lýðræði og samskipti

- Í lýðræðislegu leikskólastarfi þarf að huga að faglegri og persónulegri nálgun
- Hvernig vinnum við með barnahópnum:
 - Hvaða aðferðir veljum við til að nota í daglegu starfi?
 - Hvernig skipuleggjum við umhverfið?
 - Hvaða efnivið hafa börnin aðgang að?
 - Hvenær og hvað mega börn velja?
 - Hvaða hlutverk hafa börnin?
 - Hvernig skiptum við börnum í hópa?




Lýðræði og samskipti

- Er gefin ein mynd – ein saga af einstaklingum sem tilheyra ákveðnum hópum eða er markvisst reynt að kynnst hverjum og einum eins og hann er?
 - Gefum við pláss fyrir ólíka styrkleika og áhugasvið, fjölbreytt tungumál og menningu barnanna?
 - Hvernig tölum við um skólann okkar? Foreldrana? Börnin? Hvert annað?
- Virðing, jákvæð samskipti, næmi fyrir ólíkum þörfum og fjölbreyttri reynslu barna er undirstaðan að góðu námsumhverfi:
 - Jákvæð sýn kemur í veg fyrir viðhorf sem einkennist af því að „kenna barninu sjálfu um“ það sem miður fer eða ákveða að það tilheyri áhættuhópi eða hópi barna sem ekki getur lært.
 - Hallalíkan (e.deficit model) Horfa mest á það sem barn vantar eða barnið kann ekki
 - Dæmi um það sem „vantar“ getur verið trú, tungumál, greind, menning, kynhneigð eða annað „rétt“. Hlutverk kennarans er þá að laga eða lækna barnið þannig að það geti tekið þátt í skólasamfélaginu (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010; Nieto, 2010).



Uppeldisfræðileg skráningar



- Skapa sameiginlegan skilning á getu barna og styrkleikum
 - Persónumöppur – sjálfssöguskráning (Identity text)
 - Styrkleikar í forgrunni
 - Viðurkenna réttindi barna
 - Eignarréttur barna á eigin reynslu
 - Skapar rödd í náminu fyrir hvert barn
 - Tengja reynslu barna í leikskólanum við fjölskyldu og heimamenningu
 - Viðurkenna að ekkert barn er eins
 - Viðurkenna að hvert og eitt barn er mikilvægt
 - Fylgjast með og skrásetja mikilvæg þroskaskref t.d. í tengslum við málþroska

Hjartað í námi barna!

- Hjartað í námi barna eru samskiptin við kennarann (Cummins, 2004).
- Við verðum að byggja upp viðhorf og sýn og eiga samskipti við börn á þann hátt að það gefi þeim tækifæri til að líta stolt í eigin barm, upplifa að þau tilheyri hópnum og séu virkir þátttakendur.
- Börn þurfa að eignast rödd og upplifa að á þau sé hlustað
- Við getum öll orðið sá fullorðni aðili sem hefur miklar væntingar til barna og eflir trú þeirra á eigin getu!
 - Endurgjöf og hrós
 - Tökum eftir og höfum frumkvæði að samskiptum
 - Erum til staðar í leik barna
 - *Þau vilja ekki leika bara tala saman, sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik barna.*
 - Sara Margrét Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017.



Viðhorf og samskipti

- Eigin skoðanir, viðhorf og sýn endurspeglast ávallt í samskiptum okkar við aðra.
 - Hver og einn ber ábyrgð á sínum viðhorfum og gjörðum en stjórnendur þurfa að **leiða jákvæð viðhorf og tileinka sér menningarlegt næmi**
 - Þeirra nálgun mótar staðblæinn (skólabraginn) og inn í hann ganga nýir starfsmenn, kennarar, foreldra og börn
 - Móttaka og aðlögun – samstarfsverkefni allra að bjóða nýja einstaklinga velkomna
 - Samfélagslegt verkefni - fyrstu 10 vikurnar skipta sköpum (Phil Woods)
- Ótal margt sem hefur áhrif á viðhorf okkar til annarra
 - Fjölmíðlar, mjög áhrifamiklir!
 - Hvernig fólkið í kringum okkur, fjölskylda, vinir, samstarfsfélagar, kennarar og fyrirmyndir líta á aðra
 - Námsbækur
 - Kvikmyndir, bókmenntir og tónlist
 - Reynsla okkar af því að umgangast ólíka hópa fólks



Að líta í eigin barm – fyrsta skrefið

- Við þurfum ekki að vera öll eins - lítum við á fjölbreyttan barna og foreldrahóp sem verkefni og spennandi áskorun eða sem vandamál?
- Gagnrýnin (e. critical pedagogy) nálgun mikilvæg til að sporna við fordómum og neikvæðum viðhorfum, við berum öll ábyrgð, þurfum að byrja á sjálfum okkur og hjálpast að
- Snýst um að efla færni okkar til að vinna með fjölbreyttan barna- og foreldrahóp og skapa samfélag sem við kunnum vel við og þar sem við lærum saman og hvert af öðru.



Viðhorf kennara er grundvallaratriði

- Foreldrar lýstu góðum kennara þannig að hann þyrfti að vera persónulegur, ánægður, sveigjanlegur, afslappaður og áhugasamur um börnin og fjölskyldur þeirra.
 - „Þetta snýst allt um brosið“ sagði ein mamma, kennarar þurfa að finna að þetta er starf fyrir þá „því það er mjög erfitt að vinna með börnum alveg sama hvort þú ert karl eða kona“ ([Hanna Ragnarsdóttir, Fríða B. Jónsdóttir, Hildur B. Sveinsdóttir, 2016](#)).



„Ég ber alltaf ábyrgð“

- K: Sko, allar breytingarnar sem ég hef séð **kannski hafa orðið vegna þess að ég hef sjálf breyst ... það er þessi, sjálfsskoðun sem að kannski kemur með samskiptum við svona ofboðslega, kannski ekkert marga, en ólíkt fólk samstarfsfólk, foreldra, börn, og þetta að þurfa að minna sig á að vera alltaf á tánum alveg sama hvað ...og það er mjög auðvelt að detta í það að tala um álag og tala um þetta og hitt en þú getur aldrei réttlætt hegðun þína eða framkomu í þessari vinnu með því**
- R: þannig að þú berð alltaf ábyrgð?
- K: **já þú berð alltaf ábyrgð á því sem þú segir og gerir**

(Fríða B. Jónsdóttir, 2023, Giving wings to voices; presschol as an inclusiv learning space for communication and understanding
<https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/4460>)




Sjálfsmynd og sjálfsefning

- Sjálfsmynd og sjálfsefning felur í sér að barn öðlast trú á eigin getu, lærir að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.
- Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra.
- Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Menntastefna.is <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>



Félagsfærni




- Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.
- Börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.
- Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni.
- Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

A blurred background image showing people wearing safety gear, including a bright yellow jacket and green pants, with red boots. The scene appears to be outdoors, possibly on a construction site or in a field.

INSTRUCTORS LEAD TO SELF-EMPOWERMENT



00:03



Málumhverfið í leikskólanum

- Það sem einkennir málumhverfi ungra barna er að þau læra á óformlegan hátt í gegnum samskipti
 - Virkni og þátttaka í samskiptum þar sem börn fá tækifæri til að byggja á eigin þekkingu og áhuga hefur grundvallar áhrif á málþroska þeirra og er **nátengt þróun sjálfsmyndar**
- Rannsóknir hafa sýnt að börn þurfa stuðning við að ná tökum á nýju tungumáli og einnig stuðning við að þróa og viðhalda eigin móðurmáli
 - Samskipti okkar við börn í daglegu starfi leggja mikilvægan grunn að málþroska þeirra og bernskulæsi
 - Styðjandi (ekki stýrandi) samskipti hins fullorðinna í leik barna gefa bestan árangur þegar kemur að þróun máls og læsis (Os og Bjørnstad, 2015).

Gefðu 10 og skapaðu um leið námstækifæri sem styður við íslenskunámið

„**Gefðu 10**“ er einföld aðferð ætluð til þess að auka samtal og samskipti fullorðinna við fjöiltyngd börn með því að nota að lágmarki tíu mínútur á dag samanlagt (10x1 mínúta, 5x 2 mínútur).

Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið skapar hinn fullorðni námstækifæri og rými til virkrar þátttöku út frá þeim orðaforða sem þarf að leggja áherslu á hverju sinni.

„**Gefðu 10**“ kemur ekki í stað vel undirbúinnar málörvunar, lestrarstunda eða vinnu með orðaforða.


Þegar allt starfsfólk „**gefur 10**“ daglega fær barnið sem er að læra íslensku sem annað mál frekari jákvæð, málörvandi samskipti í leik og frjálsum aðstæðum til viðbótar við annað málörvunarstarf.

Gott er að fylgjast með og skrá niður samskipti sín við barnið yfir daginn með því að hafa skráningarblað í vasanum eða uppi á vegg, notar teygjur eða aðra leið til að minna sig á. Hver mínúta skiptir máli!



Vitum við hvaða börnum við þurfum að gefa 10?

- *Ef við erum að byrja að „Gefa 10“ en vitum ekki hvaða börn þurfa mest á því að halda getum við byrjað á að meta samskipti okkar við börnin í daglegu starfi. Hér er góð leið til þess:*
 - Teymi starfsfólks fer yfir nöfn fjöltyngdu barnanna, hvaða tungumál þau tala og hvernig þeim gengur að eiga samskipti á íslensku sem öðru máli.
 - Hringurinn teiknaður upp
 - Hér er áherslan á samskipti sem fela í sér jákvæðar athugasemdir, hrós og hvatningu, málörvun og áhuga á því sem barnið er að gera bæði að frumkvæði barns og fullorðins. Ekki er verið að leita eftir samskiptum sem fela í sér skipanir, athugasemdir eða fyrirmæli.
 - Hringirnir bornir saman og ákveðið hvaða börnum þarf að „gefa 10“
 - Samhliða „Gefðu 10“ er fylgst með og skráð niður



Áhugi, styrkleikar, þekking og virkni



Fylgstu með barninu í leik og samskiptum og skráðu niður:

Hvað finnst barninu skemmtilegt að gera, hvar liggur áhugi þess?

Hvenær gengur barninu vel að eiga samskipti og hvaða aðferðir notar það til að eiga samskipti við jafnaldra og fullorðna?

- *Samskipti fullorðinna við barn sem lærir íslensku sem annað mál leggja grunn að aukinni færni í íslensku en um leið auknum félagsþroska og trú á eigin getu.*
- *Barnið og um leið önnur börn, upplifir að það sé getumikið, áhugasamt, virkt í þátttöku og þess virði að vera hluti af barnahópnum.*
- *Ómetanlegt tungumálanám fer fram í jafningjahópnum og þú ert fyrirmynd barnanna að ríkulegum samskiptum. Ef þú hefur frumkvæði að samskiptum við barnið er líklegra að hin börnin geri það líka.*
- *Orð þín og athafnir hjálpa til við að skapa jákvætt viðhorf til fjöltyngda barnsins bæði hjá börnum og fullorðnum.*

Yddarinn

Á systir þín yddara? segir Sif og gefur Daníel góðan tíma til að hugsa og svara.

Já hún á þessa , Daníel bendir á yddarann og horfir í augun á Sif.

Á hún svona yddara alveg eins og þessi?

Já hún, svona segir Daniel.

Já báðar systur þínar? endurtekur Sif rólega og gefur honum aftur tíma til að hugsa, brosir til hans og talar hlýlega.

Já... tvö systur á svona segir Daníel.

Já systur þínar báðar.... segir Sif, *hefur þú fengið að prófa yddarann þeirra?* Daníel svarar ekki, heldur áfram að ydda.

Samtalið heldur áfram og auk þess að vinna með orð eins og yddari, ydda, oddur, beittur beittari tengir Sif stöðugt við heimareynslu Daníels og heldur áfram að leiða hann í gegnum samtalið.

(Fríða B. Jónsdóttir, 2023, Giving wings to voices; presschol as an inclusiv learning space for communication and understanding
<https://opinvisindi.is/handle/20.500.11815/4460>)

Hvað getur þú gert eða sagt?

Hann er að læra íslensku með okkur

(í stað þess að segja að hann tali ekki eða sé mállaus)

Við getum lært spænsku með henni

(í staðinn fyrir að segja við skiljum ekki þegar hún talar sitt tungumál eða gera lítið úr tungumáli hennar með því að viðurkenna það ekki)

Búið til jafningjapör sem vinna saman og gera eitthvað sameiginlegt

(af því að þið eruð svo hjálpsöm eruð þið þá til í að fara saman fram í eldhús og sækja ost).



Hvað getur þú gert?

- Mundu að nota hvert tækifæri sem gefst til að brúa bilið á milli barnsins sem er að læra íslensku til viðbótar við önnur tungumál og hinna barnanna þannig að barnið verði sem fyrst hluti af barnahópnum
- **Stigvaxandi stuðningur:**
- **Ég geri og segi** (kennarinn sýnir og lýsir með orðum)
- **Við gerum** (kennarinn framkvæmir með barninu og lýsir með orðum)
- **Þú gerir** (barnið framkvæmir og kennarinn/barnið lýsir með orðum)



Hvað getur þú gert?

- Ef barnið er byrjandi í íslensku?
 - Sestu hjá barninu –brostu hlýlega, talaðu eðlilega og lýstu því sem það gerir með orðum – markmiðið að virkja áhuga barnsins á þátttöku með öðrum börnum og gefa því mörg námstækifæri
- Ef barnið er farið að segja eitt og eitt orð á íslensku?
 - Endurtaktu orðin sem barnið segir og settu þau í stærra samhengi með því að víkka út samtalið – markmiðið að fá barnið til að nota fleiri orð í samskiptum
 - Barnið segir“bolti“ og rúllar boltanum til vinar síns sem situr á gólfinu. Þú segir „já bolti, ertu með bolta, eigum við að rúlla boltanum saman, eigum við að rúlla rauða boltanum.“
- Ef barnið er farið að segja 2ja til 3ja orða setningar eða herma eftir frösum?
 - Vertu til staðar í leik barna og skapaðu aukið samtal um það sem verið er að gera ef barnið er búið að læra einhverja frasa t.d. *allir taka saman* – markmiðið að fá barnið til að nota setningar með sífelld fleiri orðum í samskiptum
 - „Já eigum við að hjálpast að við að taka saman, getur þú beðið Siggú um að setja þennan kubb í hilluna eða eigum við að raða saman öllum rauðu kubbunum og síðan öllum gulu kubbunum?“

Gefðu 10 byggir á hugmyndum um stuðning við nám á svæði mögulegs þroska.

Félags- og menningarlegar kenningar um nám gera ráð fyrir því að með viðeigandi stuðningi geti börn náð bestum árangri (Gibbons, 2009).

ZPD (Zone of proximal development)
Stuðningur við nám á svæði mögulegs þroska (Vygotsky, 1979)

Of lítill eða of mikill stuðningur

